

Skrifstofa Kópavogsbæjar
Skipulagsráð
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 1. október 2024.

Málefni: Krafa um endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar – Hrauntunga 119.

Til Húseigendafélagsins hefur leitað Árdís Bjarnþórsdóttir, eigandi fasteignarinnar að Hrauntungu 119 í Kópavogi (fastanr. 206-2806), og óskað ráðgjafar minnar vegna þess sem hér að neðan greinir.

Á 170. fundi skipulagsráðs, dags. 16. september sl., var tekin ákvörðun í máli nr. 1911664 er varðaði kvörtun vegna göngustígs að Digranesvegi. Vísað er til forsendna málsins samkvæmt því sem fram kom í umsögn skipulagsdeildar. Þar ber þó að árétta að umbj. minn hafði haft samband við Kópavogsbæ í því skyni að fá lokuðum göngustíg sem færi í gegnum botnlanga Hrauntungu 115-119 og þar með lóð hennar við Hrauntungu 119. Það var að frumkvæði skrifstofu bæjarins sem erindi var sent til umhverfis- og samgöngunefndar, sem afgreiddi málið með þeim hætti sem gert var. Þar var umbj. mínum gert heimilt að loka göngustígnum, en það var ekki fyrr en einhverjar kvartanir bárust frá öðrum íbúum Kópavogs að skyndilega var ákvörðun ekki tekin á réttum vettvangi. Ber að árétta að þar er ekki við umbj. minn að sakast, og í raun sætir það furðu að slík mál rati ekki án vandkvæða til þeirrar deildar sem ætlað er að fara með málið. Slík málsmeðferð er ekki í samræmi við góða og vandaða stjórnsýsluhætti og til þess fallin að vera íþyngjandi fyrir íbúa bæjarins.

Í umsögn skipulagsdeildar kemur fram að sett séu fram markmið um að efla vistvæna samgöngumáta og breyta ferðavenjum íbúa. Í því skyni skulu bættir innviðir fyrir vistvænni ferðamáta, svo sem gangandi vegfarenda. Svo virðist sem umræddar forsendur vegi þungt í niðurstöðu ákvörðunarinnar, og talið að lokunin samræmdist ekki markmiðum um framangreint og jafnframt tekið fram að lokunin gæti haft í för með sér hættu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Aðstæður á vettvangi bera einatt með sér að með því að hafa opinn gangstíg geti það verið til þess fallið að auka hættu á slysum. Sú leið sem einstaklingar kjósa að ganga er upp bratta götuna við Hrauntungu 119 og því næst upp tröppur sem eru einfaldlega í niðurníðslu. Þegar hálka er í brekkunni veldur það því að bílar, sem keyrt er upp og niður hana, eiga erfitt með að stöðva. Séu börn eða vegfarendur sem eru seinir til gangs á götunni þegar slíkar aðstæður myndast er einfaldlega ekki spurt að leikslokum.

Við þetta má bæta að enginn gangréttur er í gegnum lóð umbj. míns þó svo að kvóð sé um gegnumakstur. Við gerð gildandi lóðarleigusamnings mátti sveitarfélaginu þetta vera fullljóst. Ekki er að sjá að í lóðarleigusamningi séu ákvæði sem heimila sveitarfélaginu að breyta efni hans einhliða, þó svo að það geti tekið undir sig lóð eða hluta hennar. Ástæðu þess að umbj. mínum þykir fyrst og fremst mikilvægt að loka göngustígnum er að tjón hefur orðið á hlutum í hennar eigu vegna umferðar fólks í gegnum lóðina, meðal annars á bifreið hennar, er aðili á hjóli missti stjórn á því í hálku með þeim afleiðingum að hann keyrði utan í bíl hennar. Þetta þurfti umbj. minn að þola bótalaust þar sem ekki náðist í umræddan aðila í kjölfar slyssins. Það er því auðsjáanlegt að mikil umferð gangandi vegfarenda umrædda leið getur hæglega orðið til tjóns, bæði fyrir minn umbj., en jafnframt með slysaþættu ef ekki er vel séð um umrætt svæði.

Ekki þarf svo að fara mörgum orðum um þá skerðingu sem felst í eignarrétti umbj. míns ef sveitarfélagið ætlar að beina gangandi umferð í gegnum lóð hennar. Umbj. minn á að hafa einkarétt til hagnýtingar og umráðarétti lóðarinnar, en í því felst kjarni eignarréttarins. Hún á ekki að þurfa að sæta því að stöðugur gangur vegfarenda fari í gegnum lóðina með tilheyrandi látum og ónæði.

Um markmið Kópvaogsbæjar um að efla vistvæna samgöngumáta sem minnst var á hér að framan skal það sagt að undirritaður kynnti sér aðstæður á vettvangi. Austan við lóð umbj. míns er göngustígur, sem fer suður Bröttutungu og niður á Hlíðaveg. Ef ákveðið yrði að loka fyrir gangandi og hjólandi umferð í gegnum það svæði sem hér er þrætt um, myndi það leiða til þess að umferð yrði beint til austurs, norður Bröttutungu og þaðan upp á Digranesveg. Um er að ræða um það bil 90 metra útúrdúr, sem tók undirritan 1 mínútu og 37 sekúndur að ganga. Ekki er því hægt að fallast á þau rök bæjarins að það að loka göngustígnum hafi í för með sér nokkurs konar skerðingar að þessu leyti.

Að öllu framangreindu virtu óskar umbj. minn þess því að málið verði endurupptekið með fram komnar upplýsingar í farteskinu og ný ákvörðun tekin í því. Fari svo að Kópavogsbær sjái sér ekki fært annað en að halda gögnustígnum opnum, óskar umbj. minn þess að samræður verði hafnar um að bærinn yfirtaki umrædda gönguleið og haldi henni alfarið við á sinn kostnað, og komi jafnframt í veg fyrir að slysaþætta geti myndast á svæðinu, öllum til heilla, svo og að göngustígnum verði haldið við, timbur endurnýjað við tröppur og svæðið hreinsað svo sómi verði af.

Virðingarfyllst,
f.h. eiganda fasteignarinnar við Hrauntungu 119 í Kópavogi,


Sigurður Orri Hafþórsson, lögmaður.